

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að áskorun á ríkisstjórnina að gert sé ítarlegt mat á færnipörf á vinnumarkaði

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að skora á ríkisstjórn Íslands að láta framkvæma víðtækt mat á færnipörf á íslenskum vinnumarkaði, sem tekur sérstaklega fyrir breið áhrif þess fjölda ferðamanna sem sækir landið heim á íslenskt samfélag og almannþjónustu.

Greinargerð

Færnipörf er reglulega metin af Hagstofunni, en spáin er þeim annmörkum háð að vera eingöngu gerð út frá mannfjöldaspám, því ekki liggja fyrir nægilega öruggar spár um árlegan fjölda ferðamanna og annarra mikilvægra áhrifaþátta. Til dæmis liggur hvergi fyrir mat á því hvað þarf mikið af heilbrigðisstarfsfólki á hvert hundrað erlendra ferðamanna og er því mat á færnipörf í heilbrigðiskerfinu að öllum líkindum verulega vanáætlað, en fjöldi erlendra ferðamanna árið 2024 var yfir tvær milljónir, Íslendingar sjálfir um 384 þúsund. Íbúar borgarinnar, eins og aðrir landsmenn, finna afar sárlega fyrir því að heilbrigðiskerfið er rekið undir of miklu álagi. Annað dæmi um núverandi takmarkanir við gerð spánna, er að í mannfjöldaspánni sem liggur þeim til grundvallar er aðeins höfðatala. Þetta þýðir að þær gera ekki nægilega vel grein fyrir breyttum áskorunum í almannþjónustu sem fylgja breyttri þjóðfélagsþróun. Til landsins flyst til að mynda vinnuafli sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, meðal annars vegna mikilla atvinnutækifæra í ferðaþjónustu og afleiddum störfum. Fólk sem í vaxandi mæli sest að og eignast börn og nýtir því almannþjónustu hefur svo áhrif á hvers konar þjónustu þarf að standa undir bæði í skólakerfinu og annarsstaðar.

Mikilvægt er að horft sé heildstætt á þróunina, að spár og greiningar séu gerðar á hátt sem gerir stofnunum kleift að sinna upplýsingahlutverki sínu gagnvart hinu opinbera og almenningi. Til þess að opinber stjórnvöld, Reykjavíkurborg þeirra á meðal, geti gert góðar framtíðaráætlanir um þróun og uppbyggingu, sér í lagi uppbyggingu þjónustu, þarf að liggja fyrir hvaða áskorunum samfélagið stendur frammi fyrir á hverjum tíma og hvert stefnir. Það er hægðarleikur að ákveða að byggja skóla og leikskóla, heilbrigðisstofnanir, bjóða út byggingarverkefni og innviðaframkvæmdir – en það er annað að tryggja mönnun í þau verkefni eða fjármagn ef opinber gögn eru ekki nákvæm hvað þetta varðar. Áreiðanleg opinber gögn eru undirstaða skynsamlegra áætlana um uppbyggingu, fjármögnun og framtíðarþróun.